

Matvælastofnun  
Austurvegur 64  
800 Selfoss

Reykjavík, 27. janúar 2025

## Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. til fiskeldis í Önundarfirði

### I. Inngangur

- Arctic Sea Farm ehf. (hér eftir „ASF“) hefur falið Landslögum að gæta hagsmuna sinna vegna tillögu Matvælastofnunar (hér eftir „MAST“) að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. til fiskeldis í Önundarfirði, sbr. frétt þess efnis á heimasíðu stofnunarinnar 20. desember 2024. ASF hefur margþættar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu og telur ekki skilyrði til þess að hún nái fram að ganga. Í öllu falli beri MAST að bíða með afgreiðslu málsins þar til ágreiningur ASF við MAST um höfnun á umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi félagsins í Önundarfirði verður til lykta leiddur.
- Í eftirfarandi athugasemdum verður fyrst vikið að lögum nr. 59/2021 til breytinga á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Þá verða settar fram nánar tilgreindar athugasemdir við framangreinda tillögu.

### II. Lög nr. 59/2021 til breytinga á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi

- Hinn 26. maí 2021 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 59/2021 til breytinga á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Með lögunum var bætt við nýju ákvæði til bráðabirgða, nánar tiltekið bráðabirgðaákvæði IX, en þar segir:

„Heimilt er að úthluta opinberlega því magni í lífmassa sem heimilt getur verið að ala í Arnarfirði, Berufirði, Fáskrúðsfirði, Ísafjarðardjúpi, Reyðarfirði og Önundarfirði og er umfram heimildir í leyfum til fiskeldis og heimildir sem kunna að verða veittar á grundvelli umsókna sem til meðferðar koma samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Við útboð er skylt að setja lágmarksverð og skal það ákvarðað á grundvelli hlutlægra og málefnalegra forsendna sem taka mið af íslenskum aðstæðum og gjaldaumhverfi. Við mat á tilboðum gilda ákvæði 3. mgr. 4. gr. a auk þess sem líta skal til frumkvöðla á þeim svæðum sem slíkt á við. Sá lífmassi sem hér um ræðir tekur hlutfallslegum breytingum innan viðkomandi fjarðar eða hafsvæðis, sbr. 6. gr. b, uns rekstrarleyfi er gefið út. Ekki kemur til útgáfu eða breytinga á leyfum til fiskeldis til hækkunar á lífmassa á kostnað þess sem kemur til úthlutunar samkvæmt ákvæði þessu. Sá lífmassi sem hér um ræðir kemur ekki til ráðstöfunar á annan hátt en með úthlutun samkvæmt þessu ákvæði. Umsókn um rekstrarleyfi í kjölfar úthlutunar samkvæmt þessu ákvæði skulu fylgja gögn um úthlutun

*lífmassa.*

*Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lífmassa samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða, þar á meðal um úthlutun til frumkvöðla.”*

4. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kom fram að yrði frumvarpið að lögum myndi það stuðla að betri nýtingu fjarða og hafsvæða til fiskeldis til samræmis við markmið laga um fiskeldi. Þá bjó að baki þessari lagasetningu meðal annars sú hugsun að úthluta því magni af óráðstöfuðu magni af frjóum laxi, sem augljóslega er verðmætasta tegundin í þessu tilliti, og stuðla þannig að betri nýtingu svo sem fyrr greinir. Um leið var í greinargerð með frumvarpinu lögð áhersla á að þessum rétti yrði ráðstafað að undangengnu útboði en það væri í samræmi við þá stefnumörkun sem fólst í lögum nr. 101/2019 til breytinga á lögum um fiskeldi.
5. Við meðferð atvinnuveganefndar Alþingis á frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 59/2021 var gerð sú breyting að telja með tæmandi hætti í ákvæðinu þau svæði sem það tæki til, þ.e. Arnarfjörð, Berufjörð, Fáskrúðsfjörð, Reyðarfjörð, Ísafjarðardjúp og Önundarfjörð. Í nefndaráliti nefndarinnar kom fram að þetta væri meðal annars gert til að stuðla að auknum skýrleika.

### III. Athugasemdir við tillögu að breytingu á rekstrarleyfi

#### Samræmi tillögu við lög nr. 59/2021

6. Fyrir liggur að núgildandi rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. í Önundarfirði heimilar 1.000 tonna hámarkslífmassa á eldi á regnbogasilungi og þorski. Með hinni auglýstu tillögu að breytingu er gert ráð fyrir að ÍS 47 ehf. verði heimilt eldi á frjóum laxi og heimild til eldis á þorski felld úr leyfinu samhliða breytingunni.
7. Svo sem fyrr greinir var með lögum nr. lög nr. 59/2021 til breytinga á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. bráðabirgðaákvæði IX, lögfest sérstök heimild til að úthluta óráðstöfuðum lífmassa, meðal annars í Önundarfirði. Þá skal áréttað að að baki þessari lagasetningu bjó meðal annars sú hugsun að úthluta því magni af óráðstöfuðu magni af frjóum laxi. Var það þannig vilji löggjafans að ekki kæmi til frekari úthlutunar á frjóum laxi nema að undangengnu útboði.
8. Með vísan til framangreinds verður ekki með góðu móti séð hvernig fyrirhuguð breyting á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. samræmist framangreindu bráðabirgðaákvæði IX samkvæmt lögum nr. 59/2021. Þvert á móti virðist breyting ganga þvert gegn því sem löggjafinn lagði upp með. Um leið er ljóst að um stefnubreytingu er að ræða enda verður ekki séð að

tegundabreyting sem þessi hafi verið heimiluð eftir gildistöku laga nr. 59/2021 enda samræmist slík tegundabreyting tæpast markmiðum þeirra laga svo sem fyrr greinir. Loks telur ASF tilefni til að varpa ljósi á hið augljósa og ótvíræða fordæmisgildi sem fælist í fyrirhugaðri breytingu. Nánar tiltekið yrði þannig rekstrarleyfishöfum í öðrum tegundum en laxi heimilt að breyta tegund framleiðslunnar í lax og þannig komast hjá fyrirhuguðu útbóði samkvæmt lögum nr. 59/2021.

Tillagan í ósamræmi við rekstrarleyfi ASF, fjarlægðarmörk o.fl.

9. Fyrir liggur að ASF sótti 19. janúar 2021 um endurnýjun á rekstrarleyfi félagsins í Önundarfirði. Félagið telur ekki þörf á að rekja meðferð þeirrar umsóknar í athugasemdum þessum, enda MAST fullmeðvitað þar um. Þó skal þess getið að 17. janúar 2025 kærði ASF þá ákvörðun MAST frá 19. desember 2024 að hafna umsókn félagsins um endurnýjun rekstrarleyfisins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Svo sem þar er nánar rakið telur ASF margþætta og alvarlega form- og efnisannmarka á umræddri ákvörðun MAST sem munu leiða til þess að nefndin muni, öðru sinni, fella ákvörðunina úr gildi. Að fenginni þeirri niðurstöðu mun MAST þurfa að ljúka efnislegri meðferð umsóknar ASF um endurnýjun rekstrarleyfis félagsins í Önundarfirði.
10. Með bréfi Skipulagsstofnunar 24. október 2022 til ýmissa hagaðila var óskað eftir umsögnum vegna aukningar á hámarkslífmassa, tegundabreytingu og færslu eldisvæðis ÍS 47 í Önundarfirði. Í þeim umsögnum sem bárust stofnuninni komu fram athugasemdir frá nokkrum opinberum stofnunum, m.a. MAST, um samræmi breytinganna við rétt ASF á grundvelli rekstrarleyfis félagsins í Önundarfirði. Þannig kemur eftirfarandi fram í umsögn Matvælastofnunar, dags. 29. nóvember 2022:

*„Fram kemur í tilkynningum ÍS 47 að enginn annar eldisaðili sé með eldisleyfi í Önundarfirði, en rétt er að Arctic Sea Farm hefur heimild til að ala 200 tonn í firðinum. Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins.“*

11. Þá segir í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 22. nóvember 2022:

*„Í umfjöllun um stöðu fiskeldis í Önundarfirði er tekið fram að enginn annar eldisaðili sé með starfsemi og eldisleyfi í Önundarfirði. Ekki sé því um að ræða hættu er lúti að nálægð við óskylda aðila. Hafrannsóknastofnun bendir á að athuga þurfi betur stöðu leyfa í Önundarfirði því Arctic Sea Farm hafi haft leyfi sem runnin eru út en eru nú í ferli vegna endurnýjunar hjá MAST.“*

12. Enn fremur segir eftirfarandi í umsögn Samgöngustofu:

*„Í kafla 3 í tilkynningunni segir m.a.:“ Enginn annar eldisaðili er með starfsemi og eldisleyfi í Önundarfirði.“ Samkvæmt upplýsingum á vef MAST er Arctic Sea Farm með eldisleyfi á tveimur svæðum í Önundarfirði.“*


- 13.** Loks skal þess getið í þessu tilliti að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um framkvæmdina (breytinguna) segir um ASF:

*„Fyrirtækið hefur heimild til að ala 200 tonn í firðinum, en umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins.“*

- 14.** Af framangreindu leiðir að við málsmeðferð þeirrar breytingar sem hin auglýsta tillaga lýtur að hafa fjórar mismunandi stofnanir komið á framfæri sérstökum athugasemdum um að ekki sé tekið tillit til rekstrarleyfis ASF. Í því tilliti hefur enga þýðingu þótt MAST hafi 19. desember 2024 hafnað umræddri umsókn ASF um endurnýjun á rekstrarleyfi félagsins í Önundarfirði, enda hefur sú ákvörðun verið kærð til æðra stjórnvalds sem hefur þá kæru nú til meðferðar. Að fenginni þeirri niðurstöðu, og eftir atvikum dómstóla, er kominn fullnægjandi grundvöllur til að taka efnislega afstöðu til þeirrar tillögu að breytingu sem hér er kveðið á um. Þannig má geta þess að verði umrædd ákvörðun MAST frá 19. desember 2024 felld úr gildi og endurnýjað rekstrarleyfi ASF gefið út, svo sem ASF telur miklar líkur á, að þá þarf m.a. að taka afstöðu til umræddrar tillögu með hliðsjón af rekstrarleyfi ASF, m.a. að því er varðar fjarlægðarmörk samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

#### Staðsetning eldissvæða

- 15.** ASF telur tillögu að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. að því er varðar staðsetningu eldissvæða fara gegn áformum ASF í Önundarfirði sem og gegn umhverfismati framkvæmdarinnar. Um hið fyrrnefnda liggur fyrir að ASF hefur undanfarin ár unnið að umhverfismati vegna aukinnar framleiðslu, þ.e. umfram hið 200 tonna leyfi, í Önundarfirði. Umrætt umhverfismat hefur hins vegar tafist vegna meðferðar MAST á umsókn ASF um endurnýjun á rekstrarleyfinu, en það haggar ekki skýrum og metnaðarfullum áformum félagsins þar að lútandi til framtíðar. Framangreint hefur þýðingu þar sem staðsetning eldissvæða í tillögu að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. er á svæðum sem fyrirhuguð eldissvæði ASF samkvæmt umhverfismati ASF ná til.
- 16.** Jafnframt liggur fyrir að í allri málsmeðferð við breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. að því er varðar staðsetningu eldissvæðanna, m.a. í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu sem og hjá MAST, hefur verið byggt á þeirri grunnforsendu að breytingin feli í sér færslu svæðis frá Ingjaldssandi yfir á Hundsá en gert ráð fyrir að eldissvæðið við Valþjófsdal sé óbreytt. Þannig kemur m.a. eftirfarandi mynd fram í tilkynningu ÍS 47 ehf. um breytinguna:



**Mynd 2-1 Öndarfjörður og núverandi (B) sjókvíaeldisstöð. Ör sýnir fyrirhugaðan flutning á sjókvíaeldisstöð (C) á nýja staðsetningu (A).**

17. ASF hefur tvær athugasemdir hvað þetta varðar. Annars vegar er rangt að eldissvæðið við Valbjófsdal sé óbreytt. Þannig eru þau hnit sem tilgreind eru í tillögu ÍS 47 ehf., sem og tillögu MAST að breyttu leyfi 20. desember sl., önnur en þau sem eru í nágildandi leyfi. Þetta fær ekki staðist og því ljóst að MAST getur ekki gert breytingar á öðrum forsendum en ÍS 47 ehf. og málsmeðferð Skipulagsstofnunar lagði upp með. Hins vegar virðist sem svo að hið ráðgerða nýja eldissvæði við Hundsa, hvort sem er samkvæmt hnitum eða mynd, sé ekki innan reits SN22 samkvæmt strandssvæðisskipulagi Vestfjarða, sbr. 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, sem og skilyrði í auglýstri tillögu að rekstrarleyfinu um að „sjókvíaeldisstöðvar skulu vera innan nýtingareita (SN21 og SN22) samkvæmt strandssvæðisskipulagi Vestfjarða og tilgreindir eru í leyfi.”

### Óljóst hvort skilyrðum Skipulagsstofnunar sé fullnægt

**18.** Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar 7. febrúar 2023 eru sett fram skilyrði sem Matvælastofnun ber, sbr. m.a. 24. og 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, að ganga úr skugga um að sé fullnægt fyrir útgáfu leyfis. Þannig kemur m.a. eftirfarandi fram á bls. 5 í ákvörðun Skipulagsstofnunar, í umfjöllun um menningarminjar:

*„Minjastofnun telur að afla þurfi heimilda um skipsskaða í Önundarfirði. Þá þurfi að fá fornleifafræðing með þekkingu á neðansjávarminjum til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið á hafsbótunum undir eldiskvíunum. Ef vísbendingar koma fram um fornleifar á hafsbótunum gæti þurft að skoða þær nánar. Gera þarf Minjastofnun grein fyrir niðurstöðum slíkra athuganna. Að því gefnu að gengið verði að þeim skilyrðum sem fram koma í umsögn Minjastofnunar, telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“*

**19.** ASF telur af þeim gögnum sem birt voru í tilkynningu MAST 20. desember 2024 megi að engu leyti ráða hvort stofnunin hafi gengið úr skugga um að þessari skyldu hafi verið fullnægt.

### Skilyrði um samstarf við aðra leyfishafa

**20.** Fyrir liggur að einungis tvö fyrirtæki munu í náginni framtíð starfrækja fiskeldi í Önundarfirði, annars vegar ÍS 47 ehf. og hins vegar ASF.

**21.** Í fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á rekstrarleyfi er að finna eftirfarandi skilyrði:

*„Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.“*

**22.** Verði hin auglýsta tillaga að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. að veruleika, sem ASF leggst alfarið gegn, telur ASF mikilvægt að framangreint skilyrði verði gert afdráttarlausara, meðal annars með þeim hætti að það verði gert að skilyrði fyrir starfsemi á grundvelli rekstrarleyfisins að ÍS 47 ehf. skuldbindi sig til að undirrita samning við ASF um samstarf félaganna í þessu tilliti þar sem skyldur aðila yrðu áréttaðar með skýrum hætti. Með slíkum samning er betur tryggt að aðilar standi sameiginlega að meðal annars sjúkdómsvörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Má í framangreindu tilliti vísa til



*úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 33/2024.*

#### **IV. Samantekt**

**23.** Að öllu framangreindu virtu telur ASF margþætta meinbugi vera á þeirri breytingu sem tillaga MAST frá 20. desember 2024 kveður á um og telur því ekki skilyrði til þess að hún nái fram að ganga. Í öllu falli leggur ASF ríka áherslu á að MAST bíði með afgreiðslu málsins þar til ágreiningur ASF við MAST um höfnun á umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi félags í Önundarfirði verður til lykta leiddur. Að öðrum kosti er raunveruleg hættu á að umrædd breyting á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. myndi vera ósamrýmanleg endurútgáfu rekstrarleyfis ASF með tilheyrandi ófyrirsjáanlegum áhrifum, svo sem bótaskyldu íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst,

Grímur Sigurðsson lögmaður

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2025

*Tilvísun: 202501112 / 2.3*

---

## **Efni: Samræmi tillögu að rekstrar- og starfsleyfi ÍS 47 í Önundarfirði við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022**

---


Vísað er til tillögu Matvælastofnunar að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. til fiskeldis í Önundarfirði sem kynnt var á vef stofnunarinnar 20. desember 2024 og tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi til handa sama aðila og auglýst var á vef stofnunarinnar 20. desember 2024. Skipulagsstofnunar veitir umsögn á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða þar sem að leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skal samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi og á grundvelli 3. mgr. 4. gr. laganna þar sem segir að Skipulagsstofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Að virtum þessum ákvæðum og því að Matvælastofnun hefur ekki nýtt sér þá heimild samkvæmt 2. mgr. 8. gr. að beina umsögn til stofnunarinnar hefur Skipulagsstofnun ákveðið, að eigin frumkvæði, að veita umsögn um samræmi Strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022 og tillögu að rekstrar- og starfsleyfi.

Tillögur að rekstar- og starfsleyfi ná til tveggja eldissvæða í Önundarfirði, eldissvæðisins Valþjófsdalur A – reitur SN21 og eldissvæðisins Hundsá B – reitur SN22 (sjá mynd 1).

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða tók gildi í mars 2023. Þar er sett fram stefna um nýtingu og vernd svæðisins, bæði í greinargerð og á uppdrætti. Á uppdrætti er stefnan sett fram með nýtingarflokkum þar sem tiltekin starfsemi eða vernd er afmörkuð. Samkvæmt 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 skal leyfi til framkvæmda eða önnur starfsemi samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem skipulagið gerir til leyfisveitinga til fiskeldis, bæði starfsleyfis og rekstrarleyfis. Skipulagsstofnun bendir á að við túlkun skipulagsins þurfi að horfa til mælikvarða skipulagsuppdráttarins og eðlis þeirrar stefnumörkunar sem skipulagið felur í sér.





Mynd 1. Úr uppdrætti Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Afmörkun eldissvæða hefur verið bætt ofan á.

## Samræmi við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022

Í strandsvæðisskipulaginu eru sett fram almenn skipulagsákvæði fyrir hvern nýtingarflokk en auk þess eru sett fram sértæk skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti.

Fyrirhuguð framkvæmd ÍS 47, eins og hnit í tillögu að rekstrarleyfi og starfsleyfi gefa til kynna, tekur til reita í nýtingarflokkunum *staðbundin nýting* SN21 Ingjaldssandur og Valþjófsdalur og SN22 Öndarfjörður auk þess sem eldissvæði við Hundsá nær inn á reit í nýtingarflokknum *almenn nýting* A8 Öndarfjörður.

### Eldissvæðið Valþjófsdalur

Eldissvæðið við Valþjófsdal er innan reits SN21 Ingjaldssandur og Valþjófsdalur þar sem m.a. er gert ráð fyrir að hægt sé að stunda sjókvíaelði.

Almenn ákvæði fyrir staðbundna nýtingu sem helst hafa tengingu við málið eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar á reitunum og skal aðstæðum til hennar viðhaldið.
- Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist geta farið fram innan svæðisins þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð/nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar.
- Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.

Áhættumat siglingaöryggis liggur fyrir. Í umsögn Vegagerðarinnar um áhættumatið kemur fram að eldissvæði við Valþjófstað þrengi ekki um of að siglingum inn fjörðinn. Hæfilegt varúðarsvæði er talið 50 metrar líkt og kveðið er á um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða er heimilt að stunda atvinnuveiðar, ferðaþjónustu og útivist innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokkinn *staðbundin nýting* þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð eða nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar. Ákvæði um það ætti að koma fram í rekstrar- og starfsleyfum.

Sértæk ákvæði gilda á reit SN21 en þar segir að við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla. Breyting á starfs- og rekstarleyfi var ekki háð umhverfismati en í ákvörðun um matsskyldu kemur fram að ekki sé líklegt að áhrif af fyrirhuguðu eldi ÍS 47 á fuglalíf verið mikil.

### Eldissvæðið Hundsá

Eldissvæðið við Hundsá, í fyrirhuguðum rekstar- og starfsleyfum, er á reit SN22 Önundarfjörður þar sem m.a. er gert ráð fyrir að hægt sé að stunda sjókvíaelði.

Almenn ákvæði fyrir staðbundna nýtingu sem helst hafa tengingu við málið eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar á reitunum og skal aðstæðum til hennar viðhaldið.
- Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist geta farið fram innan svæðisins þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð/nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar.
- Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.

Áhættumat siglingaöryggis liggur fyrir. Í umsögn Vegagerðarinnar um áhættumatið kemur fram að eldissvæði við Hundsá þrengi ekki um of að siglingum inn fjörðinn og er það ekki talið ógna siglingaöryggi. Hæfilegt varúðarsvæði er talið 50 metrar líkt og kveðið er á um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða er heimilt að stunda atvinnuveiðar, ferðaþjónustu og útivist innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokkinn *staðbundin nýting* þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð eða nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar. Ákvæði um það ætti að koma fram í rekstrar- og eða starfsleyfi.

Engin sértæk ákvæði gilda á reit SN22

### *Staðbundin nýting inn á almennri nýtingu*

Afmörkun eldissvæðis í fyrirhuguð rekstrar- og starfsleyfi nær út fyrir reit SN22 og inn á reit skilgreindan í nýtingarflokkinn *almenn nýting*, A8 Önundarfjörður. Sjá mynd 1.

Almenn skipulagsákvæði fyrir *almenna nýtingu* sem helst hafa tengingu við málið eru:

- Á reitunum er gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða gerir ráð fyrir að hægt sé að stunda staðbundna nýtingu á reitum í nýtingaflokknum *almenn nýting* s.s. fiskeldi að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Við ákvörðun um leyfisveitingar til staðbundinnar nýtingar innan reita sem skilgreindir eru í


nýtingarflokknum *almenn nýting* skal taka mið af eftirfarandi, sbr. kafla 7.3 í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða:

- Að staðbundin nýting takmarki ekki aðgengi að þekktum/mikilvægum veiðislóðum.
- Að staðbundin nýting hindri ekki siglingar um skipulagssvæðið. Taka skal mið af núverandi umferð og viðmiðum um afmörkun svæða til siglinga.
- Að staðbundin nýting rýri ekki möguleika til útivistar og ferðaþjónustu á svæðum sem þekkt eru fyrir útivist, á þekktum viðkomustöðum ferðamanna eða þar sem áformuð er uppbygging til útivistar og ferðaþjónustu.

Áhættumat siglingaöryggis liggur fyrir og er kynnt með rekstar- og starfsleyfum. Leiðir það í ljós að eldi á svæðinu mun ekki hindra siglingar um skipulagssvæðið.

Í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (2024) er stefnt að uppbyggingu á útsýnispalli á sjóvarnargarði við Flateyri ásamt því að stefnt er að þróun sjósundsstöðu í Öfundarfirði. Áform um baðstað við Holt í Öfundarfirði voru kynnt árið 2023. Fyrirtækið Borea adventure býður upp á kajakferðir í Öfundarfirði, af upplýsingum um ferðirnar að dæma er aðallega farið um innanverðan og miðjan fjörðin. Í ljósi þessa og að svæðið sem um ræðir er í tengslum við reit í nýtingarflokknum staðbundin nýting er ekki talið að sjókvíaldi sem er að stærstum hluta á reit SN8 rýri ekki frekar möguleika til útivistar og ferðaþjónustu á svæðinu.

Í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar dags. 22.11.2022 og Fiskistofu dags. 21.12.22 vegna tilkynningar IS 47 ehf. til ákvörðunar um matskyldu vegna aukningar á eldismagni, tilfærslu eldissvæðis og tegundar breytingu, er ekki vikið að áhrifum á fiskveiðar. Ef horft er til gagna Hafrannsóknarstofnunar á Hafsjá um sókn eftir veiðarfærum<sup>1</sup> má sjá að við stækkun á eldissvæði umfram reit SN22 í Strandsvæðisskipulag Vestfjarða mun eldissvæðið fara inn á jaðar þekktrar veiðislóðar, sjá mynd 2. Með tilliti til framangreindra ákvæða strandsvæðisskipulagsins um að ekki eigi að hindra aðgengi að þekktum veiðislóðum telur stofnun að setja þurfi skilyrði um að aðgengi verði ekki skert á þeim hluta sem fer út fyrir reit SN22.




**Mynd 2.** Skjaskot úr Hafsjá. Bleikur litur eru reitir í nýtingarflokknum *staðbundin nýting*. Dökkblái liturinn og út í gult sýnir veiðar í Öfundarfirði.

### *Villa í afmörkun í starfsleyfi*

Skipulagsstofnun bendir á að mynd af afmörkun eldissvæða í tillögu að starfsleyfi er ekki í samræmi við þau hnit sem sett eru fram í tillögum að starfsleyfi og rekstarleyfi, sjá mynd 2.

<sup>1</sup> Gögn útgefin árið 2021.



**Mynd 3.** Úr tillögu að starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Ester Anna Ármannsdóttir



Ester Anna Ármannsd.

Ester Anna Ármannsdóttir  
Sviðsstjóri, svið stefnumótunar og málunar

Undirritað með OneSign





Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss

Reykjavík 27. janúar 2025  
Tilvísun: 2501046/0.7.2

**Efni:** Umsögn um tillögu að breytingu á rekstrarleyfi vegna sjókvíaldis ÍS 47 ehf. í Önundarfirði.

Vísað er til auglýstrar tillögu að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. í Önundarfirði, sem birt var á heimasíðu Matvælastofnunar þann 20. desember 2024, er varðar tegundabreytingu og færslu eldissvæðis.

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum afar mikilvægt.

Landhelgisgæslan telur rétt að árétta að í strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði hafa svæði verið afmörkuð fyrir siglingar þar sem þyngsta umferð skipa hefur mælst í ferilvöktun. Ljóst sé hins vegar að siglingar skipa afmarkast ekki við þau svæði. Landhelgisgæslan bendir á að taka þarf sérstaklega tillit til þess að meginreglan er sú að öll siglingafær hafsvæði teljast til siglingasvæða að mati sjófarenda og þar sem þess er sérstaklega talin þörf eru öruggar siglingaleiðir markaðar með hvítum vitaljósum. Í strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er kveðið á um að áhættumat siglingaöryggis skuli fara fram áður en leyfi eru veitt og að taka beri tillit til áhættumatsins í leyfisveitingaferlinu.

Áhættumat siglingaöryggis hefur farið fram vegna þeirra svæða er um ræðir og samhliða auglýstri tillögu Matvælastofnunar að breytingu á rekstrarleyfi fyrir ÍS 47 ehf. í Önundarfirði er vísað til áhættumatsins. Landhelgisgæslan fagnar því að tekið sé tillit til öryggis sjófarenda við útgáfu rekstrarleyfa.

Landhelgisgæsla Íslands gerir ekki athugasemdir við staðsetningu svæða við Valþjófsdal og Hundsá í Önundarfirði. Landhelgisgæslan áréttar að tryggt sé að merkingar búnaðar verði í samræmi við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Landhelgisgæsla Íslands áréttar nauðsyn þess að tilkynningar varðandi nákvæmar staðsetningar og hnit sjókvíaldisstöðva berist sjómælinga- og siglingaöryggisdeild Landhelgisgæslu Íslands til að upplýsingarnar komist til sjófarenda og í sjókort. Ákjósanlegt er að nota pósthfangið [sjokort@lhg.is](mailto:sjokort@lhg.is).


Landhelgisgæslan bendir í því samhengi á að stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um rithátt staðsetninga í baughnitum og útsetningu á línunum og hólfunum. Leiðbeiningarnar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.<sup>1</sup> Farið skal eftir framangreindum leiðbeiningum við leyfisveitingar á sjó.

<sup>1</sup> <https://www.lhg.is/siglingaoryggi/ymis-frodleikur/rithattur-baughnita>



Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að eiga fund með Matvælastofnun til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigríður Skaftadóttir  
Lögfræðingur